



Velkomin(n) í mannheima
Welcome to the World of Mankind

Guðrún Vera Hjartardóttir

9. september - 30. desember 2005



Það er Listasafni Reykjavíkur sönn ánægja að bjóða listakonuna Guðrúnu Veru Hjartardóttur velkomna með verk sín í Hafnarhúsið. Á síðasta ári hlaut hún styrk úr Listsjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur sem Erró stofnaði í minningu móðursystur sinnar. Styrkurinn var veittur í viðurkenningarskyni fyrir framlag Guðrúnar Veru til myndlistarinnar og til að hvetja hana til frekari dæða á þeirri braut.

Guðrún Vera Hjartardóttir er fædd í Reykjavík árið 1966. Hún stundaði nám við Myndlista og handiðaskólann og síðar við listaháskóla í Enschede í Hollandi. Hún hefur sýnt verk sín víða – bæði á Íslandi og erlendis nú síðast í Kína og Austurríki.

Verk sín vinnur hún flest í mjúkan leir sem hún mótar í mannsliki. Verk hennar virðast umlukin hjúp óraunveruleika og ævintýra, smágerðar verur sem stara á eitthvað sem við dauðlegir menn sjáum ekki. Það er annar heimur sem mælir sýningargestum á einkasýningu Guðrúnar Veru í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, þó sýningin beri titilinn Velkomin(n) í mannheima þá er menska íbúa þessa heims önnur en við eigum að venjast. Verurnar sem eru varnalausar í nekt sinni og viðkvæmt efnið sem er símótanlegt kalla á að hér sé farið varlega til að raska ekki rónni sem býr í innsætingunni.

Ágústa Kristófersdóttir
Deildarstjóri sýningaheildar

The Reykjavik Art Museum is pleased to welcome Guðrún Vera Hjartardóttir and her work to Hafnarhus. Guðrún Vera is last year's recipient of the Guðrunda S. Kristinsdóttir Art Fund grant, from the fund founded by the Icelandic painter Erró in honour of his aunt. The grant was awarded in acknowledgement of Guðrún Vera's contribution to the arts and to encourage her further accomplishments in this direction.

Guðrún Vera was born in Reykjavik in 1966. She studied at the Icelandic College of Art and Craft and later at the Art Academy Enschede in the Netherlands. She has exhibited both at home and abroad, most recently in China and Austria.

Guðrún Vera sculpts her figures in soft clay and they seem veiled in an unreal and fairytale-like atmosphere - delicate beings that stare at something we mortal humans cannot see. It is another world that the visitors to Gudrun Vera's exhibition encounter: Despite the show's title, Welcome to the World of Mankind, the men inhabiting this world are quite unlike what we are used to. The creatures are vulnerable in their nakedness and their fragility calls upon us to take care so as not to disturb the tranquility inherent in the installation.

Ágústa Kristófersdóttir
Exhibition Manager

Velkomin til mannheima

Í þinni mynd

Það sem hrífur mig mest við listaverk Guðrúnar Veru er hvernig þeim tekst að snerta mig á fleiri en einu sviði. Þegar ég horfi á þau er ég allt í senn, áhorfandi á listasafni, einstaklingur í tæknisamfélagi nútímans, móðir systir dóttir, listamaður með ákveðna þekkingu á listasögunni, en fyrst og fremst manneskja, tilfinningavera sem er meðvitund um það að einhversstaðar innra með okkur öllum er rýmið þar sem orðin hafa ekki lengur merkingu og frumstaðar tilfinningar ráða ríkjum. Við höfum öll upplifað þetta rými, altekin af sælu, ótta eða sársauka, eitthvað hefur gerst í lífi okkar flestra sem hefur varpað okkur, kannski

fyrirvaralaust, þangað inn og þegar við komum aftur út eigum við ekki orð yfir reynslu okkar rétt eins og erfitt getur verið að orða drauma sem hverfa eins og sandur milli fingranna í svefnrofunum. Það er erfitt að skilgreina þessar litlu höggmyndir, þær eru hvorki börn né gamalmenni, heldur fyrst og fremst ímynd manneskjunnar og mannlegs ástands. Íhugull svipur þeirra verður til þess að ekki er annað hægt en að nema staðar og hugsa, gleyma sér í þessum heimi forneskju og framtíðar, náttúru og tækni, lífs og listar.

Myndir Guðrúnar Veru hafa skapað sinn eigin heim, áhorfandinn gengur inn í hann miðjan en verður þó ekki hluti af honum, samskipti þessara skúlptúra eru þeirra á milli og það er heildarmyndin sem talar til



áhorfandans. Þessi lokaði heimur virðist tilheyra öðrum fíma eða annarri vidd. Hann gæti átt sér sér rætur í málalaglist fyrri alda, t.d. í málverkum Hieronymusar Bosch, en vísar einnig enn lengra aftur í tímann. Sagt er að í fyrndinni hafi guð skapað manninn úr leir og yfirbragð og framsetning þessara listaverka kalla fram ímyndir um mannheima á öðrum tímum, þegar maðurinn var í beinum tengslum við náttúruna og óaðskiljanlegur hluti hennar, fíma sem hefur ekki varðveist í orðum en hefur skilið eftir sig dularfull fyrirbæri í náttúrunni sem við skiljum ekki, fyrirbæri eins og til dæmis Stonehenge steinana í Englandi. Tíma sem að öllum líkindum hefur einkennst af síðum og venjum tengdum náttúrunni, árstíðaskiptum og gangi plánetanna.

Listin er einstök að því leyti hvernig hún getur brúað bil, milli samtímans og fortíðar, náttúru og menningar, listamanns og áhorfanda. List Guðrúnar Veru vísar ekki aðeins til fjarlægjar fortíðar heldur líka listastefna sem eru nær okkur í fíma, t.a.m. list súrrealistanna frá upphafi síðustu aldar, listamanna sem treystu á innsæið við gerð verka sinna. Frá upphafi hafa listamenn fengist við að móta mannslikamann á margvíslegan hátt og líkaminn og hugmyndir okkar um hann hefur verið áleitið viðfangsefni. Aukin þekking á byggingu líkamans hefur orðið til þess að viðhorf okkar til líkamans og möguleika hans hafa breyst. Rannsóknir á erfðaeftum eru sjálfsgæður hluti af samtímanum, að ekki sé minnst á aukna möguleika til barneigna, möguleika sem virðast þróaðast samhliða minnkandi frjósemi mannsins í núlímasamfélagi, en á sama tíma veltr

maður því fyrir sér hvernig heimur barna dagsins í dag verður á morgun. Höggmyndir Guðrúnar tengjast samtímanum einnig í gegnum heim kvikmyndanna og þá sérstaklega vísindaskáldsögur, sumar þeirra minna kannski á E.T. og aðrar á persónur úr Star Trek, en um leið búa þær yfir þeirri mannlegu nálægð sem handbragð listkonunnar hefur gefið þeim þegar hún mótar þær með höndunum.

Guðrún Vera er alltaf mjög meðvitund um framsetningu verka sinna og getur með henni markvisst skapað mismunandi upplifun áhorfandans. Í Hafnarhúsinu hefur hún valið að skapa heildarmynd sem áhorfandinn gengur í gegnum. Hvítir pallarnir sjá þó til þess að skilin milli lífs og listar eru skýr og skapa áhorfandanum bæði nauðsynlega fjarlægð til þess að finna sína eigin túlkun og rými til þess að virða verurnar fyrir sér. Litla samfélagið sem hér hefur orðið til minnis á samfélag okkar í dag, samfélag mannvera sem hefur búið um sig við mismannlegar aðstæður. Hér mætast andstæður villtrar náttúru og síðaðrar menningar og lifandi kvika heldur lífi innan harðra veggja, lifir sínu lífi, rétt eins og listin lifir alltaf af.

Ragna Sigurðardóttir

Karar þökkir fá elsku Ransu og Sóley Lúsía, Helgi vinur Hjaltaín, Hilmar Örn, Ragna, Vigfús ljósmyndari, Halli Kalli, Svava listakona, krökkarnir í vinnuskólanum og takk Ágústa fyrir allan viljann.



Welcome to the World of Mankind

In your own image

What fascinates me most about Guðrún Vera's works is how they manage to touch me on different levels. When I look at them I am everything at once, a spectator in an art gallery, an individual in a modern technological society, mother, sister, daughter, an artist with a certain knowledge of art history, but at that moment I am primarily a person – an emotional being aware of the fact that somewhere inside of me is a space where words no longer have meaning and primal feelings prevail. We have all experienced this space engulfed by joy, fear, or pain; something has happened in our lives that

has cast us, perhaps without warning, in to this space and when we emerge again we cannot find the words to describe our experience, just as it can be difficult to put into words dreams that trickle away like sand between our fingers as we slowly wake up. It is hard to define these small sculptures. They represent neither children nor elderly but, first and foremost, an image of the human condition. The contemplative look on the faces makes it impossible not to stop and take notice and to lose oneself in this world of the primeval and the present, nature and technology, life and art.

Guðrún Vera's images create a world of their own; the spectator walks into the middle of this world but does not become



a part of it. These sculptures relate to each other and it is the whole that speaks to the spectator. This closed world seems to belong to another time or another dimension. It might originate in paintings of the past, such as the works of Hieronymus Bosch but its roots run even further back. It is said that god created man from clay, and the appearance and presentation of these works of art evoke images of an ancient world when mankind was in direct contact with nature and an integral part of it; a time that is not preserved in words but that has left behind mysterious phenomena, such as Stonehenge in England – a time probably ruled by customs and rites closely linked to nature, the seasons, and the stars.

Art is unique in the sense that it can bridge gaps between the past and the present, nature and culture, the artist and the spectator. Guðrún Vera's work does not only point to a remote past but also to more recent trends in art where artists have relied on intuition in their creative process, such as the works of the Surrealists at the beginning of the last century. From the very beginning, artists have worked with the human form in various ways and the body has been a recurrent theme. Increased knowledge of the structure of the body has changed our attitudes towards it and its potential. Genetic research is now an established part of life and so are the increasing possibilities for reproduction, which seem to have developed hand in hand with decreasing fertility in modern society. One wonders, however, how the world of the children of today will be tomorrow. Guðrún Vera's sculptures are

also linked to the present through the world of cinema, particularly science fiction (some of the sculptures may remind one of E.T., others of characters in Star Trek) but they also have a certain human intimacy that comes from the hands of the artist who shaped them.

Guðrún Vera is always conscious of the presentation of her works and she deliberately uses the installation to control the beholder's experience. In Hafnarhús she has chosen to create a continuum that the visitor walks through. The white platforms, however, create a clear boundary between life and art and give the visitor both the necessary distance to find his own interpretation and enough space to appreciate the figures. The tiny community created here reminds us of our own contemporary community, a community of people who have settled down in conditions that vary in humanness. Here wild nature meets civilisation. A vibrant core shivers within hard walls and survives, just as art always endures.

Ragna Sigurðardóttir

Opnunarfrími í Hafnarhúsi og á
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.
Opnunarfrími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-
apríl 13-16.



Aðgöngumiðinn gildir samdægurs
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are
open every day from 10 am-5 pm.
Asmundur Sveinsson Sculpture
Museum - Asmundarsafn is open
May-Sept. 10 am-4 pm and
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same
day for all three museums. Guided
tours are available upon request.

Sunnudag 9. október kl. 15

Listamannspjall. Guðrún Vera tekur þátt í leiðsögn
um sýninguna og ræðir efni hennar við gesti.

ICELANDAIR 

Sunday October 9 at 3 pm.

Artist Talk. The artist Guðrún Vera leads a tour of
the exhibition.

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum - Hafnarhús - Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
www listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM